



BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2017

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2017

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2016. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og verðum með tvo tíma í kvikmyndafræðum fyrir miðstig og efsta stig grunnskóla þar sem við könnum kvikmyndasöguna, fjöllum um hvað er kvikmynd og hvernig við lesum hana með ótal vísunum í kvikmyndasöguna.

Í vor bjóðum við upp eina af skemmtilegustu myndum Wes Anderson, The Darjeeling Limited, förum á slóðir töfraraunsæis með myndinni Kjúklingur með plómum og Big Fish, veitum innsýn í flóttamannavandann með verðlaunamyndinni Welcome, baráttu Martin Luther Kings og hvernig honum tókst að fá Lyndon B. Johnson til að undirrita mannréttindalög fyrir jöfnun tækifærum með myndinni Selma og fáum innsýn í líf Viktoríu drottningar þegar hún var ung prinsessa.

Við verðum aftur með bíóklassík og sýnum hina hugljúfu Casablanca, sem allir verða að sjá. Vajdja frá Sádi-Arabíu snýr aftur, við könnum tölvugrafík í Raiders of the Lost Arc og bjóðum yngstu börnunum upp á Aladdin, Söngur frá hafinu og Coraline fyrir aðeins eldra stig.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



SÝNINGARPLAN VEGNA SKÓLASÝNINGA VORIÐ 2017

JANÚAR

jan	fim	19.1.2017	10:00	The Darjeeling Limited	8.-10.bekkur
jan	fim	19.1.2017	13:00	Kjúklingur með plómum	8.-10.bekkur
jan	þri.	24.1.2017	10:00	Aladdin	1.-4.bekkur
jan	þri.	24.1.2017	13:00	Young Victoria	5.-10.bekkur

[illegible]

FEBRÚAR

feb.	fim.	2.2.2017	10:00	Casablanca	7.-10.bekkur
feb.	fim.	2.2.2017	13:00	Big Fish	8.-10.bekkur
feb.	þri.	7.2.2017	10:00	Raiders of the Lost Arc	7.-10.bekkur
feb.	þri.	7.2.2017	13:00	Hvað er vikmynd	5.-10. bekkur
feb.	fim.	16.2.2017	10:00	Söngur úr hafinu	1.-5.bekkur
feb.	fim.	16.2.2017	13:00	Coraline	4.-7.bekkur
feb.	fim.	23.1.2017	10:00	Vajdja	6.-9.bekkur
feb.	fim.	23.1.2017	13:00	Selma	10. bekkur

[illegible]

Vetrarfrí í skólum 20. og 21.febrúar

MAR:MARS

mars	þri.	7.3.2017	10:00	Hvað er kvikmynd?	5.-10.bekkur
mars	þri.	7.3.2017	13:00	The Darjeeling Limited	8.-10.bekkur
mars	þri.	14.3.2017	10:00	Aladdin/Big Fish	1.-4.bekkur
mars	þri.	14.3.2017	13:00	Raiders of the Lost Arc	7.-10.bekkur
mars	þri.	21.3.2017	10:00	Young Victoria	5.10.bekkur
mars	þri.	21.3.2017	13:00	Welcome/Vajdja	9.-10.bekkur
mars	fim.	30.3.2017	10:00	Selma	10.bekkur
mars	fim.	30.3.2017	13:00	Kjúklíngur með plómum	8.-10.bekkur

[illegible]

APRÍL

apríl	þri.	4.4.2017	10:00	Coraline/Aladdin	8.-10.bekkur
apríl	þri.	4.4.2017	13:00	Casablanca	7.-10.bekkur
apríl	þri.	18.4.2017	10:00	Söngur úr hafinu	1.-5.bekkur
apríl	þri.	18.4.2017	13:00	Raiders of the Lost Arc	7.10.bekkur
apríl	fim.	27.4.2017	10:00	Vajdja	6.-9.bekkur
apríl	fim.	27.4.2017	13:00	The Darjeeling Limited	8.-10.bekkur

[illegible]

ætlað þessum aldurshópi

getur hentað - mat kennara hverju sinni

ef tvær myndir eru á sama degi

[illegible]

KVIKMYNDAFRÆÐSLA FYRIR BÖRN OG UNGLINGA VORIÐ
2017 Í BÍÓ PARADÍS

Verkefnastjóri Oddný Sen
oddnysen@gmail.com

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 19. JANÚAR KL. 10:00 - THE DARJEELING LIMITED

FIMMTUDAGUR 19. JANÚAR KL. 13:00 - KJÚKLINGUR MEÐ PLÓMUM

ÞRIÐJUDAGUR 24. JANÚAR KL. 10:00 - ALADDIN

ÞRIÐJUDAGUR 24. JANÚAR KL. 13:00 - YOUNG VICTORIA

FIMMTUDAGUR 2. FEBRÚAR KL. 10:00 - CASABLANCA

FIMMTUDAGUR 2. FEBRÚAR KL. 13:00 - BIG FISH

ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR KL. 10:00 - RAIDERS OF THE LOST ARC

ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR KL. 13:00 - HVAÐ ER KVIKMYND?

FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR KL. 10:00 - SÖNGUR FRÁ HAFINU

FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR KL. 13:00 - CORALINE

VETRARFRÍ

FIMMTUDAGUR 23. FEBRÚAR KL. 10:00 - VAJDJA

FIMMTUDAGUR 23. FEBRÚAR KL. 13.00 - SELMA

HLÉ VEGNA STOCKFISH

ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS KL. 10:00 - HVAÐ ER KVIKMYND

ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS KL. 13:00 - THE DARJEELING LIMITED

ÞRIÐJUDAGUR 14. MARS KL. 10:00 - ALADDIN/ BIG FISH

ÞRIÐJUDAGUR 14. MARS KL. 13 :00 - RAIDERS OF THE LOST ARC

ÞRIÐJUDAGUR 21. MARS KL. 10 :00 - YOUNG VICTORIA

ÞRIÐJUDAGUR 21. MARS KL. 13 :00 - WELCOME/VAJDJA

FIMMTUDAGUR 30. MARS KL. 10:00 - SELMA

FIMMTUDAGUR 30. MARS KL. 13:00 - KJÚKLINGUR MEÐ PLÓMUM

ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL. KL. 10:00 - CORALINE/ALADDIN

ÞRIÐJUDAGUR 4. APRÍL KL. 13.00 - CASABLANCA

PÁSKAFRÍ

ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL KL. 10:00 - SÖNGUR FRÁ HAFINU

ÞRIÐJUDAGUR 18. APRÍL KL. 13:00 - LEITIN AÐ TÝNDU ÖRKINNI


FIMMTUDAGUR 27. APRÍL KL. 10:00 - VAJDJA

FIMMTUDAGUR 27. APRÍL. KL. 13:00 - DARJEELING LIMITED

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com





TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, ævintýri, drama* / **LENGD:** 91 MIN / **LAND:** Bandaríkin / **LEIKSTJÓRI:** Wes Anderson / **AÐALHLUTVERK:** Owen Wilson, Adrien Brody, Anjelica Huston

Myndin fjallar um þrjá bræður sem allir þjást af þunglyndi. Ári eftir að faðir þeirra deyr af slysförum, fara þeir í lestarferðalag til Indlands. Í ljós kemur að bræðurnir glíma allir við persónulegan vanda; einn þeirra er heltekinn af fyrrverandi kærustu, annar er verðandi faðir sem efast um að hann geti orðið góður fjölskyldumaður og sá þriðji, sem skipuleggur ferðina, er að leita að manneskju sem tengist þeim bræðrum náð.

Wes Anderson er höfundarleikstjóri sem merkir að hann hefur mjög sérstakan stíl sem setur stimpil á öll hans verk, en hann hefur gert myndir á borð við *The Royal Tenenbaums*, *Moonrise Kingdom* og *The Grand Budapest Hotel*. Myndir hans einkennast af töfraraunsæi þar sem hversdagsleiki og ævintýraveröld fléttast saman og hann notar kvikmyndataekni sem eru einkennandi fyrir verk hans.



TEGUND OG ÁR: *Ævintýri, teiknimynd, 2014/LENGD: 93 MIN /LAND:*
Írland/Danmörk/ LEIKSTJÓRI: Tomm Moore /AÐALHLUTVERK: David Rawle,
Brendan Gleeson, Fionnula Flanagan

Þessi hrífandi ævintýramynd fjallar um írska drenginn Ben og litlu systur hans, Saoirse, sem getur breytt sér í sel. Þau leggja af stað í ævintýralegan leiðangur um goðsagnarkennd undur hafsins til að frelsa álfana og bjarga heimi andanna.

Myndin er innblásin af Selkies-verunum í írskum munnmælasögum, sem eru selir í sjónum en verða að mönnum þegar þær koma á land. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda teiknimyndin 2015.

Söngur frá hafinu er með ensku tali og enskum texta, en börnin fá ítarlegar upplýsingar um söguþráðinn fyrir sýningu og er svo sjónrænt grípandi að það ætti ekki að valda yngstu börnunum vandamálum.

HIN UNGA VIKTORÍA

MANNKYNSSAGA

5.-10 bekkur



TEGUND OG ÁR: Drama byggt á sönnnum atburðum, 2009/LENGD: 105 MIN /LAND: Bretland/ LEIKSTJÓRI: Jean-Marc Vallée /AÐALHLUTVERK: Emily Blunt, Rupert Friend, Paul Bettany, Miranda Richardson

Viktoría Bretadrottning ríkti í rúmlega sextíu ár, lengur en nokkur annar breskur þjóðhöfðingi, frá 1837-1877. Þetta tímabil í sögu Bretlands er kennt við hana og kallað Vikoríutímabilið. Gríðarlegar breytingar áttu sér stað á meðan hún ríkti og iðnbyltingin hélt innreið sína. Í myndinni kynnumst við Viktoríu á meðan hún er enn prinsessa og frændi hennar, Vilhjálmur IV, er við völd. Reynt er að hafa áhrif á hina ungu prinsessu með ýmsu móti, en hún eflir sjálfstæði sitt og sýnir að hún hefur bein í nefinu.

Myndin er tekin á söguslóðum Viktoríu og var tilnefnd til þriggja Óskarsverðlauna og hlaut Óskarinn fyrir bestu búninga, auk fjölda annarra verðlauna. Hún er framleidd af hinum virta kvikmyndaleikstjóra Martin Scorsese.

BIG FISH

FANTASÍA, FJÖLSKYLDUDRAMA

8. – 10. bekkur



*TEGUND OG ÁR: Fantasía, drama, 2003/LENGD: 125 MIN /LAND: Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Tim Burton /AÐALHLUTVERK: Ewan McGregor, Albert Finney, Billy
Crudrup, Jessica Lange*

Big Fish er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Daniel Wallace frá 1998. Hún fjallar um deyjandi föður og son hans sem reyna að kynnast betur með því að setja saman ýmsar sögur sem faðirinn hefur safnað saman í gegnum árin. Sonurinn ákveður að endurgera þetta óljósa lífshlaup föðursins með ýmsum sögusögnum um hann og áttar sig þá betur á sigrum og mistökum föðursins, auk þess sem þeir ná að tengjast og ná sáttum.

Við sögu koma nornir, varúlfar, sirkusar og Kóreustríðið, en myndin hlaut margvísleg verðlaun sem besta fantasíumynd ársins 2003 og var tilnefnd til Óskarsverðlauna og Golden Globe-verðlaunanna.

ALADDÍN

TEIKNIMYND

1. – 4. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 1992 / LENGD: 90 MIN / LAND: Bandaríkin/*

LEIKSTJÓRI: *Ron Clements / AÐALHLUTVERK: Scott Weinger, Robin Williams, Linda Larkin*

Götustrákurinn Aladdin býr í stórum bæ sem iðar af lífi ásamt apanum og vini sínum Abu. Jasmine prinsessa er þvinguð til að vera öllum stundum í höllinni, en laumast út á markaðstorgið og rekst óvænt á Aladdin. Að skipan hins illa Jafar, ráðgjafa soldánsins, er Aladdin stungið í fangelsi og flækist inn í ráðabugg sem tengist dularfullum lampa.

Myndin er skemmtilegt ævintýri fyrir yngstu börnin sem er auðvelt að greina og skoða nánar.

KJÚKLINGUR MEÐ PLÓMUM TÖFRARAUNSÆI, HEIMSPEKI 8.-10. bekkur



TEGUND OG ÁR: *Fantasía, 2011* / **LENGD:** 94 MIN / **LAND:** *Frakkland* / **LEIKSTJÓRI:** *Marjane Satrapi* / **ADALHLUTVERK:** *Mathieu Almaric, Edouard Baer, Maria de Medeiros, Isabella Rossellini*

Kjúklingur með plómum er rómantísk mynd um ástina, söknuð, missi og sorg með gamansömu ívafi. Myndin gerist í Tehran árið 1958 og segir frá fiðlusnillingnum Nasser-Ali sem missir alla lífslöngun þegar fiðlan hans eyðileggst. Hann rifjar upp líf sitt og segir frá fjölskyldu sinni, æskuástum, vonbrigðum og lífinu í Íran á fimmta og sjötta áratugnum.

Í myndinni er spilað á strengi ævintýra og töfraraunsæis, en Kjúklingur með plómum er fyrst og fremst mynd um vonina og tilvist einstaklingsins og hvernig hægt er að umbreyta þjáningu í mikilfengleika.

Myndin var tilnefnd til Gullljónsins í Feneyjum 2011 og hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga, þar á meðal Satúrnusarverðlaun bandarísku Vísindaskáldsögu- og Fantasiúkvikmyndaakademíunnar árið 2013.

CASABLANCA

BÍÓKLASSÍK

7.-10.bekkur



*TEGUND OG ÁR: Rómantík, spenna, stríð, 1942/LENGD: 102 MIN /LAND: Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Michael Curtiz /AÐALHLUTVERK: Humphrey Bogart, Ingrid Bergman,
Paul Henreid*

Myndin gerist í Casablanca í síðari heimsstyrjöldinni þar sem Rick Blaine, Bandaríkjamaður í útlegð, rekur vinsæla veitingastaðinn Rick's Café. Þangað kemur leiðtogi tékknesku andspyrnuhreyfingarinnar, Victor Laszlo ásamt eiginkonu sinni, Ilse. Hún var ástkona Ricks í París og ætluðu þau að flýja saman þegar Þjóðverjar hernámu borgina, en mætti ekki á lestarstöðina þar sem þau ætluðu að hittast.

Casablanca er klassísk mynd sem allir þurfa að sjá, en það hefur verið vitnað ótal sinnum í hana í öðrum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og vinsældir hennar hafa farið vaxandi með tímanum. Margar af frægustu setningum kvikmyndasögunnar er að finna í myndinni.



TEGUND OG ÁR: *Drama, 2009/LENGD: 110 MIN /LAND: Frakkland/ LEIKSTJÓRI:* *Philippe Lioret /AÐALHLUTVERK: Vincent Lindon, Firat Ayverdi, Derya Ayverdi*

Í *Welcome* segir frá ungum innflytjanda frá Írak, Bilal, sem þráir ekkert heitar en að komast yfir Ermasundið frá Calais í Frakklandi til Bretlands, þar sem kærasta hans býr. Faðir hennar er á móti ráðahagnum þar sem hann vill að hún giftist frænda sínum sem á veitingastað. Bilal er staðráðinn í að leggja af stað í þennan leiðangur, en gerir sér fljótlega grein fyrir því að ferðin er erfiðari en hann óraði fyrir. Hann kynnist frönskum sundkennara, sem reynir að hjálpa honum að komast yfir Ermasundið.

Leikstjóri myndarinnar gerði sér sérstakt far um að túlka flóttamannavandann í Calais á raunsæjan hátt út frá sjónarhóli fólks sem flúði langa leið án þess að vita neitt um Frakkland. Myndin hlaut sérstök verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Berlín og hin virtu Lumière-verðlaun árið 2010.

SELMA

MARTIN LUTHER KING

9.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: Drama byggt á sönnum atburðum, 2014/LENGD: 128 MIN /LAND: Bandaríkin/ LEIKSTJÓRI: Ava DuVernay /AÐALHLUTVERK: David Oyelowo, Tom Wilkinson, Carmen Ejogo, Tim Roth

Myndin er byggð á sönnum atburðum og fjallar um Martin Luther King, sem vakti athygli um allan heim með baráttu sinni fyrir auknum rétti svartra í Bandaríkjunum. Baráttuaðferðir hans einkenndust af andófi án ofbeldis og fólust aðallega í því að skipuleggja setuverkföll og kröfugöngur. Myndin hefst þegar King hlýtur friðarverðlaun Nóbels og skipuleggur fræga kröfugöngu frá Selma til Washington þar sem honum tekst að fá Lyndon B. Johnson, þáverandi forseta Bandaríkjanna, til að undirrita ný mannréttindalög sem var einn stærsti sigur í baráttunni fyrir jöfnum tækifærum.

Myndin hlaut Óskarsverðlaunin og Golden Globe-verðlaunin fyrir tónlist og AFI-verðlaunin sem besta mynd ársins 2014.



*TEGUND OG ÁR: Ævintýri, spennu, 1981/LENGD: 114 MIN /LAND: Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Steven Spielberg /AÐALHLUTVERK: Harrison Ford, Karen Allen, Paul
Freeman, John Rhys-Davies*

Leitin að týndu örkinni (Raiders of the Lost Ark) gerist árið 1936. Indiana Jones er fornleifafræðingur og kennari sem leggur af stað í leiðangur þegar menn innan leynipjónustu Bandaríkjanna hafa samband við hann og segja honum að nasistar séu að leita að sáttmálsörkinni til að gera her þeirra ósigrandi. Indiana Jones reynir að koma í veg fyrir það með öllum ráðum.

Myndin var sú fyrsta í röðinni um ævintýramanninn og fornleifafræðinginn Indiana Jones sem Spielberg leikstýrði og George Lucas framleiddi. Hún sópaði að sér Óskarsverðlaunum, þar á meðal fyrir hugvitsamlegar tæknibrellur, sem verða skoðaðar nánar.



*TEGUND OG ÁR/Leikin kvikmynd, 2012/LENGD: 98 MIN /LAND: Sádí-Arabía/
LEIKSTJÓRI: Haifa Al Mansour/AÐALHLUTVERK: Waad Mohammed, Reem
Abdullah, Abdulrahman al-Guhani*

Vadjda er tíu ára gömul stúlka sem dreymir um að eignast reiðhjól, en slíkt er ekki í boði fyrir stúlkur í Sádí-Arabíu. Hún er hinsvegar ekki tilbúin að setta sig við það. Á sama tíma bíður móðir hennar á milli vonar og ótta eftir ákvörðun eiginmanns síns sem hugleiðir að fá sér nýja konu.

Myndin er fyrsta kvikmyndin sem er tekin upp að öllu leyti í Saudí-Arabíu og er leikstýrð af konu frá sama landi. Hún varpar ljósi á hlutskipti kvenna í Mið-Austurlöndum og var heimsfrumsýnd í Bíó Paradís árið 2012 í samvinnu við UN Women á Íslandi. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun um allan heim, þar á meðal BAFTA-verðlaunin 2014.

CORALINE

STOP MOTION ÆVINTÝRI

4.-7.bekkur



*TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, fantasía, 2009/LENGD: 100 MIN /LAND: Bandaríkin/
LEIKSTJÓRI: Henry Selick/AÐALHLUTVERK: Dakota Fanning, Teri Hatcher, Jennifer
Saunders*

Myndin fjallar um Coraline, ævintýragjarna stúlku, sem er flutt á nýjan stað ásamt fjölskyldu sinni. Henni leiðist á nýja heimilinu og finnst foreldrar sínir ekki sýna sér næga athygli. Hún uppgötvar ævintýraheim sem er einkennilega líkur hennar eigin veröld, en ekki er allt sem sýnist.

Coraline er eins konar afbrigði af Lísu í Undralandi, en tekur á nútíma vandamálum eins og einmanaleika og að falla ekki í hópinn. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna 2012 og hlaut AFI- og BAFTA-verðlaunin sem besta barnamyndin 2012.




KVIKMYNDASAGA OG KVIKMYNDAFRÆÐI FYRIR MIÐSTIG OG EFRA STIG

Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðist kvikmyndataka? Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar og hvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi, allt frá Ferðinni til tunglsins eftir Georges Méliès til Grand Budapest Hotel eftir Wes Anderson. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum. Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.

Oddný Sen





KVIKMYNDIR

THE DARJEELING LIMITED – Myndir Wes Anderson, fjölskyldutengsl, sambönd bræðra, Indland, 8.-10.bekkur

SÖNGUR FRÁ HAFINU – Ævintýri, lífsleikni, írskar munnmælasögur, 1.-5. bekkur

THE YOUNG VICTORIA – Mannkynssagan, England á tímum Viktoríu drottningar, iðnbyltingin, 5.-10.bekkur

BIG FISH – Myndir Tim Burton, samband feðga, töfraraunsæi, ævintýri, 8.-10.bekkur

ALADDIN – Ævintýri, framandlegar slóðir, frelsi, 1.-4. bekkur

KJÚKLINGUR MEÐ PLÓMUM – Töfraraunsæi, lífið í Íran á sjötta áratugnum, tilvistarspurningar, tónlist, 8.-10.bekkur

CASABLANCA – Seinni heimsstyrjöldin, Marokkó, rómantík, andspyrnuhreyfingin, klassískar kvikmyndir, 7.-10.bekkur

WELCOME– Flóttamannavandinn, markmiðasetning, flóttamannabúðirnar í Calais, ástir ungmenna, margmenningarsamfélag, 9.- 10. bekkur

SELMA – Barátta Martin Luther King, mannréttindi svartra, kröfuganga, mannréttindalög, 10. bekkur

RAIDERS OF THE LOST ARC - Indiana Jones, ævintýri, fornleifar, nasistar, tölvugrafík, 7.-10. bekkur

VAJDJA – Sádí-Arabía, kvenréttindi, markmiðasetning, 6.-9.bekkur

CORALINE – Stop motion-tækni, ævintýri, 4.-7. bekkur

HVAÐ ER KVIKMYND? Tími í kvikmyndafræði og kvikmyndasögu, hvernig lesum við kvikmyndir, 5.-10. bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com